

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *80. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 10. júní 2010, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð Skólanefndar dags. 25. maí.
3. Fundargerð Bygginganefndar dags. 3. júní.
4. Fulltrúi á aðalfund Greiðrar leiðar 16. júní n.k.

Til kynningar:

Forðagæsluskýrsla ársins 2009.

Bréf Mennta - og menningarmálaráðun. dags. 14. maí.

Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra dags. 2. júní.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.
Oddviti setti fund.
2. Fundargerð Skólanefndar dags. 25. maí.

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að við könnum sem gerð var meðal foreldra, nemenda og kennara vegna sjálfsmats, að engin nemandi telur sig vera lagðan í einelti í skólanum. Þá er þess getið að þemað þetta vorið væri umhverfistengt þar sem endurnýjun á Grænfánanum er í vinnslu.

Í þriðja lið fundargerðarinnar kemur fram að tveir kennarar hafa sagt stöðu sínum lausum.

Fundargerðin þarfnast ekki ályktunar við.

3. Fundargerð Byggingarnefndar dags. 3. júní.

Eftirfarandi liðir eiga við um Skútustaðahrepp.

Liður 1.

201005002 – Erindi frá Þórhalli Kristjánssyni, Björk, Skútustaðahreppi

Þórhallur Kristjánsson sækir um byggingarleyfi fyrir einbýlishús að Björk lóð 176701. Húsið er sett saman úr gámaeiningum 144 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Sveini Þór Hallgrímssyni. Fjallað var um erindið á fundi byggingarnefndar 3. maí s.l. sem þá hafnaði erindinu vegna þess að hún taldi útlit hússins ekki ásættanlegt. Nú hefur teikningum verið breytt þannig að sett er risþak á húsið.

Byggingarnefnd samþykkir erindið á þeim forsendum að húsið sé bæði minna og lægra en fyrr samþykkt íbúðarhús og samstæð klæðning verði á öllum hliðum.

Liður 2.

201005073 – Erindi frá Gísla Sverrissyni f.h. Hlíðar ferðaþjónustu ehf.

Gísli Sverrisson f.h. Hlíðar ferðaþjónustu ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir þrjú gistiskála á lóð fyrirtækisins. Hver gistiskáli er 54 m² gámahús með risþaki.

Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Skútustaðhrepps að samþykkja stöðuleyfi fyrir skálunum til eins árs. Bil á milli húsa verði í samræmi við byggingarreglugerð.

Liður 3.

201005061 - Erindi frá Héðni Sverrissyni f.h. Geiteyjar ehf.

Héðinn Sverrisson f.h. Geiteyjar ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir gistiskála að Geiteyjarströnd 1. Gistiskálinn er 186 m², settur saman úr gámaeiningum og risþak reist ofaná. Teikningar eru unnar af Per Langsøe Christensen hjá Mannviti.

Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Skútustaðhrepps að erindið verði samþykkt með fyrirvara um umsögn Umhverfisstofnunar.

Liður 4.

201005052 – Erindi frá Samkaupum hf.

Gunnar E. Sigurðsson f.h. Samkaupa hf. sækir um framlengingu á stöðuleyfi fyrir þrjú gáma við verslunina Strax að Hraunvegi 10, Mývatnssveit. Þriggja ára stöðuleyfi rann út í júlí 2009.

Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Skútustaðhrepps að samþykkja stöðuleyfi til eins árs frá afgreiðslu

Liður 5.

201005014 – Erindi frá Urtusteini ehf.

Gísli Már Ágústsson f.h. Urtusteins ehf. sækir um leyfi til breytinga á húseigninni að Hraunvegi 10, Mývatnssveit. Breytingin felst í byggingu skýlis og skjólveggja við vörumóttöku, nýjum útgangi úr versluninni og vindfangi við útihurðir.

Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að ósk um viðbyggingu verði hafnað þar sem nefndin telur útlit óásættanlegt. Byggingarnefnd samþykkir nýjan útgang og vindfang á og við framhlið hússins.

Liður 6.

201005049 - Erindi frá Þuríði Helgadóttur f.h. Voga ferðaþjónustu ehf.

Þuríður Helgadóttir f.h. Voga ferðaþjónustu sækir um áframhaldandi stöðuleyfi fyrir hús að Björk lóð 207344. Núverandi stöðuleyfi rann út 1. júní s.l.

Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Skútustaðahrepps að samþykkja stöðuleyfi til eins árs, til 1. júní 2011, fyrir þeim húsum sem eru á stöðuleyfi.

Sveitarstjórn samþykkir hér með afgreiðslu Bygginganefndar á lið 1, 4 og 5. Varðandi lið 2, samþykkir sveitarstjórn afgreiðslu Bygginganefndar enda lítur hún svo á að þetta sé fyrsti hluti að nýjum gistiskála sem sýndur er á deiliskipulagsupprætti sem nú er í auglýsingarferli. Varðandi lið 3, samþykkir sveitarstjórn afgreiðslu Bygginganefndar þar sem fyrir liggur umsögn Umhverfisstofnunar. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir en óskar eftir að efnis- og litaval mannvirkisins miðist við að draga úr sjónrænum áhrifum þess. Varðandi lið 6, samþykkir sveitarstjórn afgreiðslu Bygginganefndar en það vekur athygli sveitarstjórnar að forráðamenn Voga ferðaþjónustu sækja ekki um stöðuleyfi fyrir öllum húsunum sem eru á athafnasvæði fyrirtækisins. Sveitarstjórn samþykkir að fela Byggingafulltrúa að hlutast til um þau hús sem ekki eru á stöðuleyfi.

4. Fulltrúi á aðalfund Greiðrar leiðar 16. júní n.k.

Fulltrúi Skútustaðahrepps verður Guðrún M. Valgeirsdóttir.

Í lok fundar þökkðu Margrét og Guðrún fundarmönnum fyrir gott og farsælt samstarf og óskuðu þeim velfarnaðar í þeim verkefnum sem þeir tækju sér fyrir hendur.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétusson.